

## **Trúnaðarráð ásamt trúnaðarmönnum félagsins 2, 2012/2013**

Mánudaginn 24. september 2012 kom trúnaðarráð og trúnaðarmenn félagsins saman til fundar kl. 20.00 í fundarsal á 4 hæð í Alþýðuhúsinu. Undirritaðir sátu fundinn.

Úlfhildur formaður setti fundinn, þetta gerðist.

### **1.ASÍ-UNG**

Jónas Þór Sveinsson sagði frá þingi ASÍ-UNG sem hann sat nýverið fyrir hönd félagsins. Kynnti hann einnig heimasíðu ASÍ-UNG

### **2. Undirbúningur fyrir ASÍ þing**

Þrjú aðalmálefni verða tekin fyrir á þingi ASÍ þ.e. Atvinnumál (mennta- og vinnumarkaðsmál) húsnæðismál og lífeyrismál.

Eiður Stefánsson kynnti tilhögun fundarins til að ræða þessi málefni, þ.e. með þjóðfundarfyrirkomulaginu. Fundamönnum var skipt niður á þrjú borð eitt fyrir hvert málefni þar sem borðstjóri og ritari voru fyrir. Fundarmenn fjölluðu um hvert málefni í um 40 mínútur og skiptu þá um borð. Niðurstöður frá fundinum verða svo teknar saman eftir fundinn og sendar fundarmönnum.

Þetta fyrirkomulag tókst mjög vel og fundarmenn voru ánægðir með það, en niðurstöðurnar verða notaðar til að leggja línurnar fyrir fulltrúa félagsins sem fara á ASÍ þingið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Helga Steingrimsdóttir, Erla Bjarnadóttir, Margrét Brynjólfsdóttir, Árni Þorvaldsson, Jón G Rögnvaldsson, Kjartan Sigurðsson, Erna Magnúsdóttir, Kristín Hjaltalín, Sigurlaug Hinriksdóttir, Laufey Ingadóttir, Guðmundur Lárus Helgason, Anna Kristín Árnadóttir, Katrín G Pálsdóttir, Inga Randversdóttir, María Tryggvadóttir, Ingvar Gunnarsson, Halldór Óli Kjartansson, Jónas Þór Sveinsson, Guðríður Þorsteinsdóttir, Tatsiana Vitkouskaya, Drífa Pétursdóttir, Sigríður St. Stefánsdóttir  
Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.